

EFTIRLITSSKÝRSLA

Steinull hf Sauðárkrókur



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	13.9.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Steinull hf	Eftirlitsmaður	Eva Dögg Kristinsdóttir
Heimili	Skarðseyri 5	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	590183-0249	Flokkur	Verksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Einar Einarsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðmundur Örn Guðmundsson	Staðsetning	470210,864 584942,812

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit en gerðar voru athugasemdir við afmörkun svæðis sem notað er til hráfnisgeymslu og að ekki er búið að kanna hvort að moltugerð á plani sé háð starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti.

UMFANG EFTIRLITS

Rekstraraðili boðaði til samráðsfundar sem haldinn var í upphafi eftirlits. Enginn fulltrúi frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra sat fundinn.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á skiladaga skv. því.

Ekkert frárennsli kemur frá verksmiðjunni ef frá er talið frárennsli frá starfsmannaaðstöðu. Allt affallsvatn er leitt í lokað endurnýtingarkerfi, einnig vatn af plönnum í kringum verksmiðjuna. Öll olíuskipti á vélum fara fram á viðurkenndum verkstæðum.

Skv. gr. 3.1. í starfsleyfi skulu mengunarmælingar í útblæstri fara fram annað hvert ár. Mælingar voru síðast gerðar í desember 2015 og voru niðurstöður þeirrar mælingar allar innan marka starfsleyfis.

Búið er að skila inn Grænu bókhaldi og Útstreymisbókhaldi og ekki gerðar athugasemdir þar.

Farið var yfir sorpmál og jarðgerð. Enginn úrgangur frá starfsemi, annar en almennur úrgangur sem er sendur í urðun á vegum fyrirtækisins. Afgangsefni og gjall úr vinnslunni er mulið og sett aftur inn í ferlið og steinull sem notuð er til síunnar á útblæstri er jarðgerð á lóð fyrirtækisins. Jarðgerðin gengur vel og voru moltuhaugar, á mismunandi stigi, á plani verksmiðjunnar. Moltan hefur verið keyrð upp á gamlan urðunarstað ofan bæjarins og notuð sem yfirlag.

Ekki er búið að ganga frá forðageymslum utandyra og eru þær enn afmarkaðar með gámastæðum. Samkomulag hafði verið gert við Steypustöð sem staðsett er á næstu lóð, um að steypa veggir fyrir hráfnisgeymslur. Ekki var unnt að standa við það samkomulag sökum anna í Steypustöðinni en rekstraraðili vinnur nú með verkfræðistofunni Stoð um úrlausn málsins. Ekki var að sjá mikið fok frá hráfnisgeymslunum og lóðin var snyrtileg á að lífa.

Rætt var um stöðuna á lóðarmálum frá því í fyrri skýrslum. Skv. gr. 2.6 í starfsleyfi ber að takmarka aðgang óviðkomandi og geymsla hráfna vera á afmörkuðu svæði. Samið hefur verið um úthlutun lóðarinnar og er búið að teikna upp fyrirhugaða girðingu. Rekstraraðili óskaði eftir álit stofnunarinnar á því hvort að nægjanlegt væri að girða af bakhluta lóðarinnar þar sem hráfnisgeymslur eru staðsettar þar sem umferð stórra bíla og vagna gerir það erfitt um vik að girða af framhluta lóðarinnar þar sem fullunnin vara er geymd fram að flutningi. Rekstraraðila er bent á að senda Umhverfisstofnun erindi þess efnis og óska eftir samþykki á tillögu að girðingu og öðrum takmörkunum aðgangs að svæðinu.

Engar kvartanir hafa borist rekstraraðila eða eftirlitsaðila varðandi starfsemi fyrirtækisins og engin óhöpp hafa orðið á árinu.

Mælingar á fallryki skv. gr. 5.1 í starfsleyfi voru gerðar er verksmiðjan hóf starfsemi og svo aftur árið 1995. Ekki þótti ástæða til að framkvæma þær mælingar aftur þar sem ekki var talin hætta á uppsöfnun rykefna í nágrenni verksmiðjunnar.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er gerð hvað varðar gr. 2.6 í starfsleyfi en geymsla hráfna skal vera á afmörkuðu svæði þar sem aðgangur óviðkomandi er takmarkaður. Verið er að vinna að uppsetningu girðingar og er óskað eftir því að

rekstraraðili sendi myndir til eftirlitsaðila að verki loknu.

Athugasemd er gerð við það að ekki hefur verið kannað hjá Heilbrigðiseftirlitinu hvort að sú aðstaða sem notast er við í dag varðandi moltugerðina sé starfsleyfisskild hjá Heilbrigðiseftirliti.

ANNAÐ

Rekstraraðili fékk umhverfisverðlaun Samtaka atvinnulífsins árið 2015.


Aukning hefur orðið á framleiðslu fyrirtækisins og hafa verið settar á þrjár vaktir frá því í apríl í fyrra en frá árinu 2008 hefur einungis verið unnið á tveimur vöktum.

Verksmiðan er nær öll keyrð á rafmagni, eina olíunotkunin er við þurrkunar á sandi áður en hann fer inn í vinnsluferlið. Rekstraraðili fékk ISA 9001 vottun árið 2012, ISA 14001 árið 2013 og fyrirhugað er að hefja vinnu við ISO 45001 á næstunni.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 06.10.2016



Guðbjörg Stella Árnadóttir